

67. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn í fundarsal SASS, Austurvegi 56, Selfossi, þriðjudaginn 1. júní 1999.

Mætt: Karl Björnsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson, Sesselja Jónsdóttir og Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri.

Dagskrá:

1. Drög að ársskýrslu.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög og kynnti.

2. Samkomulag Ölfuss og Sorpstöðvar Suðurlands.

Lögð var fram eftirfarandi hugmynd að lausn árgreinings Sorpstöðvarinnar og Sveitarfélagsins Ölfuss: „Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. samþykkir að móttöku aðflutts sorps, sem kemur í Kirkjuferjuháleigu utan starfssvæðis Sorpstöðvar Suðurlands, verði hætt í síðasta lagi 31. desember 2001. Skal árlegt magn aðflutts sorps vera innan hámarks þess magns sem borist hefur til stöðvarinnar undanfarin þrjú ár og skulu samningar Sorpstöðvar Suðurlands bs. um móttöku og urðun sorps við aðila utan starfssvæðisins miðast við það.”
Afgreiðslu frestað til næsta stjórnarfundar.

3. Önnur mál.

- a.** Þar sem fyrir liggur að hæstaréttardómur í máli Sorpstöðvar Suðurlands og eigenda Auðsholts fellur innan þriggja vikna, samþykkir stjórn að fresta aðalfundi Sorpstöðvarinnar til 30. júní nk., kl. 13:30.
- b.** Lögð fram fundargerð formanna og framkvæmdastjóra sveitarfélagastofnana á Austurvegi 56, frá 11. júní sl.
- c.** Uppsagnarbréf frá Guðna Jónssyni, dags. 25. maí sl. Uppsögn tekur gildi frá og með 22. júlí nk.
Stjórn þakkar Guðna vel unnin störf og óskar honum velfarnaðar.

- d.** Lagt fram og kynnt bréf Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 28. maí sl., um „hreinsunaráttak á vori”.
- e.** Guðmundur Ingi ræddi um framkvæmd pappírssöfnunar, sem hann taldi að mætti betur fara.
Framkvæmdastjóra falið að ræða málið við forsvarsmenn Gámaþjónustunnar.
- f.** Guðmundur Ingi vakti máls á þörf á öflugri kurlara.
Rætt um fyrirkomulag á rekstri kurlarans. Framkvæmdastjóra falið að kanna málið nánar.

Fundi slitið kl. 17:40.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.
Sesselja Jónsdóttir.
Þorvarður Hjaltason.